

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

1. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 6. maí 2013 í félagsaðstöðu Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Pytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófússon (GSE), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH), Sigurþór Jóhannesson (SÍH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Sigurjón Andersen (KK), Ingvar Kristinsson (Björk), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Halldóra Einarsdóttir (Sörli). Forföll: Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Arnar Geirsson (Bjartur), Viðar Halldórsson (FH) og Anton Ingi Sigurðsson (ÍH).

1. Framkvæmdastjórn ÍBH

Formaður ÍBH bar fram tillögu um eftirtalda aðila í framkvæmdastjórn ÍBH, Bergsteinn Hjörleifsson Keili gjaldkeri, Kristín Pétursdóttir SH varaformaður, Viðar Halldórsson FH ritari og Magnús Gunnarsson Haukar meðstjórnandi. Var tillagan samþykkt. Ennfremur var borin fram tillaga um fulltrúa frá stjórn ÍBH í stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH. Lagt var til að Kristín Pétursdóttir yrði formaður stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH, Bergsteinn Hjörleifsson yrði gjaldkeri stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH og að kosið yrði milli Viðars Halldórssonar og Magnúsar Gunnarssonar um ritara stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH. Var tillagan samþykkt. Kosningin var skrifleg og var Magnús kosinn með 8 atkvæðum gegn 3.

2. Kynning á starfsemi ÍBH

Framkvæmdastjóri ÍBH og formaður ÍBH, fóru yfir starf og helstu verkefni ÍBH og svöruðu fyrirspurnum.

3. Bréf frá ríkisskattstjóra 15. apríl 2013

Lagt fram til kynningar og umræðna. Með bréfi þessu hvetur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands alla sem koma að rekstri innan íþróttahreyfingarinnar til að virða lög um skattskyldu íþróttafélaga.

4. Mat á 48. þingi ÍBH

Umræður um þingið bæði það sem fór vel og einnig það sem betur má fara. Ákveðið að halda stefnumótunarfund í haust um mál af þinginu.

5. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands um dansþing sem verður haldið 15. maí nk í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík.
- Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund á vegum fræðslu- og þróunarviðs ÍSÍ þriðjudaginn 9. apríl. Umfjöllunarefni er skipulögð lyfjamisnotkun í íþróttum.
- Bréf frá ÍSÍ um almenningsíþróttaverkefnið Hjólað í vinnuna sem verður dagana 8. – 28. maí nk.
- Bréf frá Skotíþróttasambandi Íslands um skotþing sem verður haldið laugardaginn 25. maí í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.
- Bréf frá ÍSÍ um fræðslufund um kynferðislega áreitni / ofbeldi í íþróttum 24. apríl Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.
- Bréf frá UMFÍ um Landsmót UMFÍ sem verður haldið á Selfossi dagana 4. – 7. júlí 2013.

6. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.15

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir

